



FYRIRLESTUR Í DAG
Kolbeinn Stefánsson
félagsfræðingur sagir
samfélagssýn frjálshyggjunnar ekki stand-
ast nánari skoðun.

Rýnt í frjálshyggjuna

Manneskjan í gangverki sjálfgengissamfélagsins, er heitið á fyrirlestri sem Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur heldur í Háskóla Íslands í dag. Í erindi sínu fjallar Kolbeinn um samfélagssýn frjálshyggjunnar og þær hugmyndir um einstaklinginn sem hún hvílir á.

„Ég ætla að reyna að sýna fram á að þessar hugmyndir standast ekki nánari skoðun og fyrir vikið gengur samfélagssýn frjálshyggjunnar ekki upp.“

Kolbeinn ritstýrði bókinni *Ellifðarvélir – Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*, sem kom út fyrr á árinu. Frjálshyggjumenn gagnrýnda bókina fyrir að gera of mikið úr áhrifum hennar á Íslandi.

„Þetta sýar byggir á þeirri hugmynd að Ísland hafi ekki verið hreint frjálshyggjusamfélag.“ svarar Kolbeinn. „Og það er alveg

rétt í sjálfu sér, enda er ekki hægt að hrinda hreinu frjálshyggjusamfélagi í framkvæmd af því að það byggir á því að manneskjan sé eins og frjálshyggjumenn halda fram: alltaf skynsöm, alltaf sjálfselsk og alltaf hagsýn. En það breytir því ekki að helstu áhrifapættir í íslensku samfélagi á undanförunum árum einkenndust af frjálshyggju.“

Að erindinu loknu verða umræður. Kolbeinn vonar að frjálshyggjumenn mæti á fyrirlesturinn. „Það er eitt af einkennum íslenskrar umræðu að menn skiptast gjarnan í fylkingar, sem tala á hver aðra. Ég vona að frjálshyggjumenn mæti og það skapist raunveruleg samræða um þetta mál.“

Fyrirlesturinn verður haldinn klukkan 12.30 í dag, í stofu 104 á Háskólatorgi.